

## ÖRYGGISSTJÓRNUN VÖRU OG AFURÐA

### 5.1.5 – 10.4 Áhættumat - bráðamengun

#### Tilgangur

Tilgangur þessa skjals er að draga úr líkum á bráðamengunarslysum sem og að lágmarka afleiðingar komi til bráðamengunarslyss með því að útbúa viðbragðsáætlun, sem útskýrir fyrstu viðbrögð við bráðamengun. Starfsmönnum verksmiðjanna er kynnt efni hennar.

#### Ábyrgð

Það er á ábyrgð allra starfsmanna að fylgjast með og tilkynna strax til verksmiðjustjóra eða vaktstjóra um yfirvofandi hættu á bráðamengun eða leiki grunur á að slík staða kunni að koma upp. Það er á ábyrgð verksmiðjustjóra að fylgja eftir aðgerðum til að stöðva frekari mengun og lágmarka afleiðingar vegna bráðamengunarslyss

#### Markmið

Að lágmarka og helst útiloka alveg neikvæð umhverfisáhrif vegna bráðamengunar með viðbragðsáætlun, skjótum viðbrögðum og að upplýsa án tafa þá sem málið varðar.

#### Skilgreiningar:

##### Bráðamengun

Mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða

##### Áhættumat við bráðamengun á hafi eða strönd




Áhætta bráðamengunar á hafi eða strönd er skilgreind sem samspil á milli tiltekinnar hættu bráðamengunar og líkinda að slík hætta skapist.

Hættan er skilgreind sem lítil (L), miðlungs (M), eða há (H) eftir því hve alvarleg afleiðing kann að vera á náttúru og líf í hafi eða við strönd.

Líkindin eru metin sem lítil (L), miðlungs (M), eða há (H) eftir því hve líklegt sé að tiltekin hætta kunni að skapast.

Falli áhætta í rauðan flöt samspils þessara þátta (HH, HM eða MH) er þörf á viðbragðsáætlun.

		Líkindi að hætta skapist		
		Lítill (L)	Miðlungs (M)	Há (H)
Alvarleiki hættu	Há (H)	HL	HM	HH
	Miðlungs (M)	ML	MM	MH
	Lítill (L)	LL	LM	LH

	í lagi
	Viðbragðsáætlun æskileg
	Viðbragðsáætlun nauðsynleg

### Öryggisblöð (MSDS)

Öryggisblöð um eðli og eiginleika efna sem og um viðbrögð við slysum er að finna við geymslustaði efna, í stjórnstöð og hjá verksmiðjustjóra.

### Ábyrgðartrygging

Fyrirtækið er með ábyrgðartryggingu hjá Tryggingarmiðstöðinni (TM) og skírteininúmer er 418987075. Ábyrgðartryggingin nær til allrar bráðamengunar hjá öllum framleiðslueiningum HB Granda.

### Fjarlægð fiskimjölsverksmiðja frá sjó

Fiskimjölsverksmiðjur fyrirtækisins eru staðsettar á hafnarsvæði við sjó.

### Neyðartilfelli

Í neyðartilfellum gildir verklag 5.17 Neyðarástand, inköllun vöru og vinnuleiðbeiningar VL 5.17, 5.17a, 5.17b og 5.17c.

### Aðgerðir

Ef slys á sér stað ber verksmiðjustjóra eða vaktstjóra að grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Koma strax í veg fyrir frekari slys með þeim búnaði og ráðum sem er til staðar.
2. Tilkynna óhappið strax til aðila eins og við á. Mikilvægt er að eftirfarandi komi fram, þegar hringt er:
  - Hver hringir
  - Hvaðan er hringt
  - Hvað kom fyrir
  - Hvað er búið að gera
  - Símanúmer sem hægt er að ná í viðkomandi.

### Símanúmer:

Verksmiðjustjóri HB Grandi h/f, Vopnafirði  
Sveinbjörn Sigmundsson  
Sími 8581162; h:4731489.

HAUST Heilbrigðisstofnun Austurlands  
Búðareyri 7  
730 Fjarðarbyggð  
sími 4741235

### Neyðarnúmer 112

Verksmiðjustjóri HB-Granda h/f, Akranes  
Guðmundur Hannesson.  
Símar: vs.8581152 hs.4311901

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
Innrímelur  
301 Akranes  
Sími 431 2740 / 894 5030

**ÖRYGGISSTJÓRNUN VÖRU OG AFURÐA**  
**5.1.5 – 10.4 Áhættumat - bráðamengun**

Lögreglan Vopnafirði  
Lónabraut 2  
690 Vopnafirði  
sími 4731400

Umhverfisstofnun  
Mengunarvarnir  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík  
sími 5912000

Lögreglan Akranesi  
Þjóðbraut 13  
300 Akranesi  
Sími 112

Vinnueftirlit ríkisins,  
Guðjón Sólmundsson  
Símar: 431 4270 / 892 7593

## ÖRYGGISSTJÓRNUN VÖRU OG AFURÐA

### 5.1.5 – 10.4 Áhættumat - bráðamengun

Efni	Stærð ílátá	Árs-notkun	Tegund mengunar	Atvik	Forvarnir og búnaður	Áhættumat			Viðbrögð við mengunarslysi
						Alvarleiki	Líkindi	Áhætta	
Brennsluolía	Dagtankar: AK: 20 t VO: 8 t	AK: 1500 t VO: 120 t	Olíumengun	Leki	Tankar í steyptum gildrum Niðurföll lokuð Þjálfun starfsfólks Aðgengi starfsmanna að upplýsingum um öryggi (MSDS)	M	L	ML	Starfsmenn tilkynna leka til verksmiðjustjóra/vaktstjóra sem gerir ráðstafnir til að stöðva leka. Verksmiðjustjóri tilkynnir slys til Umhverfisstofnunar, lögreglu, slökkviliðs og heilbrigðisnefnda.
Smurolía	200 l tunnur og smærri ílát	AK: 0,8 t VO: 0,8 t	Olíumengun	Leki	Undir ílátum eru lekaöldur Þjálfun starfsfólks Aðgengi starfsmanna að upplýsingum um öryggi (MSDS)	M	L	ML	Starfsmenn tilkynna leka til verksmiðjustjóra/vaktstjóra sem gerir ráðstafnir til að stöðva leka. Verksmiðjustjóri tilkynnir slys til Umhverfisstofnunar, lögreglu, slökkviliðs og heilbrigðisnefnda.
Rotvarnar-efni, mjúksýra (Soft acid)	1000 l tankar	AK: 44 t VO: 140 t	Efnamengun	Leki	AK: geymt á þróarplani, án gildra VO: geymt í efnageymslu, án gildra Í vinnslu er aðeins 1 tankur í notkun hverju sinni.	H	L	HL	Starfsmenn tilkynna leka til verksmiðjustjóra/vaktstjóra sem gerir ráðstafnir til að stöðva leka. Verksmiðjustjóri tilkynnir slys til Umhverfisstofnunar, lögreglu, slökkviliðs og heilbrigðisnefnda.
Þráavarnar-efni, Etoxyquinin	200 l tunnur	AK: 0,9 t VO: 2,8 t	Efnamengun	Leki	AK: Tekið frá birgi eftir þörfum. VO: geymt í efnageymslu, án gildra Í vinnslu er aðeins 1 tunna í notkun hverju sinni.	H	L	HL	Starfsmenn tilkynna leka til verksmiðjustjóra/vaktstjóra sem gerir ráðstafnir til að stöðva leka. Verksmiðjustjóri tilkynnir slys til Umhverfisstofnunar, lögreglu, slökkviliðs og heilbrigðisnefnda.

## ÖRYGGISSTJÓRNUN VÖRU OG AFURÐA

### 5.1.5 – 10.4 Áhættumat - bráðamengun

Hreinsiefni	1000 l tankar og smærri ílát	AK: 1 t VO: 2 t	Efnamengun	Leki	AK: geymt í hreinsiefnarekka, án gildra. VO: geymt í efnageymslu að hluta með gildrum. Efnin eru notuð bæði í lokuðum hreinsi- og vinnslukerfum sem og við opin þrif. Við þrif fara notuð hreinsiefni í niðurföll með skolvatni. Skolvatnið fer í afrennsliskerfi bæjarveitu.	H	L	HL	Starfsmenn tilkynna leka til verksmiðjustjóra/vaktstjóra sem gerir ráðstafnir til að stöðva leka. Verksmiðjustjóri tilkynnir slys til Umhverfisstofnunar, lögreglu, slökkviliðs og heilbrigðisnefnda.
Sóttahreinsiefni	1000 l tankar og smærri ílát	AK: 0,5 t VO: 1 t	Efnamengun	Leki	AK: geymt í hreinsiefnarekka, án gildra. VO: geymt í efnageymslu að hluta með gildrum. Efnin eru notuð bæði í lokuðum hreinsi- og vinnslukerfum sem og við opin þrif. Við þrif fara notuð hreinsiefni í niðurföll með skolvatni. Skolvatnið fer í afrennsliskerfi bæjarveitu.	H	L	HL	Starfsmenn tilkynna leka til verksmiðjustjóra/vaktstjóra sem gerir ráðstafnir til að stöðva leka. Verksmiðjustjóri tilkynnir slys til Umhverfisstofnunar, lögreglu, slökkviliðs og heilbrigðisnefnda.
Saltpéturs-sýra	1000 l tankar og smærri ílát	AK:5 t VO:11 t	Efnamengun	Leki	AK: geymt á próarplani, án gildra.VO: geymt í efnageymslu að hluta með gildrum.Efnin eru notuð bæði í lokuðum hreinsi- og vinnslukerfum sem og við opin þrif. Við þrif fara notuð hreinsiefni í niðurföll með skolvatni. Skolvatnið fer í afrennsliskerfi bæjarveitu.	H	L	HL	Starfsmenn tilkynna leka til verksmiðjustjóra/vaktstjóra sem gerir ráðstafnir til að stöðva leka.Verksmiðjustjóri tilkynnir slys til Umhverfisstofnunar, lögreglu, slökkviliðs og heilbrigðisnefnda.

## ÖRYGGISSTJÓRNUN VÖRU OG AFURÐA

### 5.1.5 – 10.4 Áhættumat - bráðamengun

Sóti	1000 l tankar og smærri ílát	AK: 17 t VO: 50 t	Efnamengun	Leki	AK: geymt á þróarplani, án gildra. VO: geymt í efnageymslu að hluta með gildrum. Efnin eru notuð bæði í lokuðum hreinsi- og vinnslukerfum sem og við opin þrif. Við þrif fara notuð hreinsiefni í niðurföll með skolvatni. Skolvatnið fer í afrennslskerfi bæjarveitu.	H	L	HL	Starfsmenn tilkynna leka til verksmiðjustjóra/vaktstjóra sem gerir ráðstafnir til að stöðva leka. Verksmiðjustjóri tilkynnir slys til Umhverfisstofnunar, lögreglu, slökkviliðs og heilbrigðisnefnda.
Lýsi	Lýsistankar	AK: 2500 t VO: 7500 t	Lýsismengun	Leki	Undir ílátum eru leka-gildirur Þjálfun starfsfólks Aðgengi starfsmanna að upplýsingum um öryggi (MSDS)	L	L	LL	Starfsmenn tilkynna leka til verksmiðjustjóra/vaktstjóra sem gerir ráðstafnir til að stöðva leka. Verksmiðjustjóri tilkynnir slys til Umhverfisstofnunar, lögreglu, slökkviliðs og heilbrigðisnefnda.
Mjöl	Mjöltankar	AK: 5000 t VO: 20000 t	Óhreinindi	Færslu-tæki bili	AK: 4x1000m <sup>3</sup> og 3x100m <sup>3</sup> tankar VO 10x250m <sup>3</sup> tankar Þjálfun starfsfólks Aðgengi starfsmanna að upplýsingum um öryggi (MSDS)	L	L	LL	Starfsmenn tilkynna leka til verksmiðjustjóra/vaktstjóra sem gerir ráðstafnir til að stöðva leka. Verksmiðjustjóri tilkynnir slys til Umhverfisstofnunar, lögreglu, slökkviliðs og heilbrigðisnefnda.
Grútur	Vinnslu-búnaður		Grútar-mengun	Leki	Fitugildirur í verksmiðju Þjálfun starfsfólks Aðgengi starfsmanna að upplýsingum um öryggi (MSDS)	L	L	LL	Starfsmenn tilkynna leka til verksmiðjustjóra/vaktstjóra sem gerir ráðstafnir til að stöðva leka. Verksmiðjustjóri tilkynnir slys til Umhverfisstofnunar, lögreglu, slökkviliðs og heilbrigðisnefnda.

### Rýni verklags

Verklagsreglur þessar eru hluti af FEMAS gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins. Þær eru sannreynðar með úttektum á verklagi og rýndar a.m.k. árlega í samræmi við rýni yfirstjórnar fyrirtækisins á verklagi og vinnuleiðbeinigum gæðastjórnunarkerfa fyrirtækisins.

### Breytingar

Útgáfa 1, 25.04.14

Útgáfa 2, 22.09.14, SD: Áhættumat skilgreint, tafla um efni og aðgerðir endurskoðuð með tilliti til nákvæmari skilgreininga.